

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Grindavík.

1. gr.

Í Grindavík er búfjárhald heimilt að fengnu leyfi bæjarstjórnar. Bæjarstjórn veitir leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í samþykkt þessari.

Til búfjárhalds samkvæmt samþykkt þessari, telst hald dýra sem talin eru upp í 2. gr. laga nr. 103/2002, með síðari breytingum, hvort sem þau eru haldin til búnytja, tómstundaíðju eða annarra nota.

2. gr.

Umsókn um leyfi til búfjárhalds skal senda til bæjarstjórnar ásamt yfirlýsingu um að búfjárhaldið sé að öllu leyti á ábyrgð umsækjenda.

Sumarbeit sauðfjár úr Grindavík skal vera í beitarhólfi í Krísuvík. Sauðfjáreigendur skulu annast alla smölun og réttarhald í beitarhólfinu, ásamt öðrum sem það nota.

3. gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni, að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfé líði vel í þeim. Hús skulu uppfylla ákvæði reglugerðar um aðbúnað búfjár. Húsunum skal haldið vel við, þau máluð utan og innan og haldið hreinum. Tað og annan úrgang frá búfé skal fjarlægja.

4. gr.

Bæjarstjórn veitir einungis þeim leyfi til búfjárhalds sem ekki hafa brotið gegn lögum um dýravernd eða lögum um búfjárhald eða reglugerðum settum samkvæmt framangreindum lögum og að fenginni umsögn búfjárefirtirlitsmanns.

Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t.d. uppfyllir ekki skilyrði um vörslu, getur bæjarstjórn afturkallað leyfið að undangenginni aðvörun.

Leyfið miðast við ákveðinn hámarksfjölda búfjár og er bundið við nafn umsækjanda, þannig að ekki er heimilt að framselja leyfið. Bæjarstjórn getur veitt leyfi til ákveðins tíma eða ákveðið tiltekinn frest til afturköllunar.

5. gr.

Búfjárefirtirlitsmaður svæðis 3, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 743/2002, um búfjárefirtilit o.fl., annast eftirlit með búfjárhaldi og skal hann leiðbeina og áminna eftir atvikum, búfjáreigendur sem gerast brotlegir við framangreindar reglur.

Lausagöngufénaður skal handsamaður og skráður. Skylt er eigendum að sækja gripi sína og greiða áfallinn kostnað og tjón, þar með talinn kostnað við handsömun gripanna.

Búfjáreigendum er skylt að tryggja búfé frjálsri ábyrgðartryggingu gagnvart tjóni þriðja aðila og skal búfjáreigandi geta sýnt fram á að hann hafi slíka tryggingu sé eftir því leitað.

6. gr.

Full vörsluskylda og ábyrgð er á höndum allra búfjáreigenda og er viðkomandi skylt að halda fénaði sínum í vel afgirtum hólfum í heimalöndum. Allar girðingar skulu vera gripaheldar og uppfylla skilyrði 13. gr. reglugerðar nr. 748/2002, um girðingar og er landeigendum eða umráðamönnum skylt að annast viðhald þeirra í samræmi við vörslukröfur bæjarstjórnar.

Grindavíkurbær hefur umsjón með viðhaldi beitarhólfa.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum eða fangelsi ef miklar sakir eru. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála, sbr. 18. gr. laga nr. 103/2002, ásamt síðari breytingum.

Með vísan til 5. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. og að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands, staðfestist samþykkt þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Grindavíkur, hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Ákvæði til bráðabirgða.

Allir þeir sem við gildistöku samþykktar þessarar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir samþykktina, skulu innan fjögurra mánaða frá gildistöku hennar hafa tilkynnt um búfjárhald sitt og sótt um leyfi til búfjárhalds. Að öðrum kosti fellur niður heimild þeirra til búfjárhalds.

Landbúnaðarráðuneytinu, 23. mars 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.